

**Nd.**

**210. Breytingartillögur**

[86. mál]

við frv. til laga um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá Gils Guðmundssyni, Gylfa Þ. Gíslasyni, Karvel Pálmasynt, Vilhjálmi Hjálmarssyni og Þórarni Þórarinssyni.

1. Við 6. gr. 3. málsg. orðist svo:  
Deildin er ríkisstjórninni til ráðuneytis í efnahagsmálum og heyrir beint undir ríkisstjórnina.
2. Við 10. gr.
  - a. Upphaf 1. málsg. orðist svo:  
Stjórn Framkvæmdastofnunarinnar ákveður, í samráði við ríkisstjórnina, í hvaða röð (o. s. frv.).
  - b. Upphaf 2. málsg. orðist svo:  
Við gerð atvinnumálaáætlana skal stofnunin hafa nán samráð við aðila vinnumarkaðarins. Einnig skal haft samráð við samtök og stofnanir atvinnuveganna, eftir því sem við á (o. s. frv.).
3. Við 12. gr. Síðasta málsg. orðist svo:  
Lánastofnanir og opinberir sjóðir veita Framkvæmdastofnuninni almennt yfirlit um lánveitingar til fjárfestingar og framkvæmda eftir nánari reglum, sem stjórn Framkvæmdastofnunarinnar setur. Stjórn stofnunarinnar getur að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar og í samráði við banka og stærstu fjárfestingarsjóði sett almennar reglur um, hvers konar framkvæmdir skuli hafa forgang umfram aðrar. Skulu þá lánastofnanir og opinberir sjóðir haga lánveitingum í samræmi við það. Engri stofnun er þó skylt að veita lán, sem hún telur ekki eðlilega tryggð.